



Minnisblað
17.09.2020
BPO

202009053 erindi frá íbúasamtökum á Hauganesi

Eftirfarandi framkvæmdir leggur umhverfissráð til að farið verði í á næsta ári .

1. Aðalgatan (frá Hafnargötu að Nesvegi) verður tekin og löguð á næsta ári, bæði hvað varðar götuna og gangstéttir.
2. Bílastæði við Hafnargötu verði malbikað og merkt.
3. Göngu / hjólastígur frá Hauganesi að Ólafsfjarðarvegi verði settur á 3 ára áætlun og frekari stígatengingar innan sveitarfélagsins er vísað til endurskoðunar aðalaskipulags.
4. Umhverfissráð leggur til að plantað verði í skjólbelti norðan Hauganesvegur niður við beygju.
5. Ábendingu varðandi skilti og áningarstað við gatnamót felur ráðið sviðsstjóra að vísa til Vegagerðarinnar.
6. Umhverfissráð leggur til að settur verði upp bekkur, borð og ruslatunna á umbeðnu svæði hjá þvottaplani.
7. Stígur frá fótboltavelli að leiksvæði verði sleginn og kurlborinn og sett verði ræsi í skurð frá tjaldsvæði. Einnig leggur ráðið til að sett verði upp borð, bekkur og sorptunna á leiksvæðið.
8. Umhverfissráð leggur til að uppsetning á körfuboltakörfu verði vísað til 3 ára áætlunar.